

Þingsályktun

um rannsóknir í ferðaþjónustu.

Alþingi ályktar að brýnt sé að efla rannsóknir í ferðaþjónustu, tryggja með þeim hætti grundvöll stefnumótunar og langtímaáætlana í atvinnugreininni og stuðla að jafnvægi í fjárfestingu. Í því skyni verði gripið til eftirtalinna ráðstafana:

1. Stofnuð verði gagnamiðstöð við skrifstofu Ferðamálaráðs Íslands á Akureyri sem hafi það hlutverk:
 - a. að skipuleggja öflun upplýsinga um atvinnugreinina þannig að þær varpi sem skýrustu ljósi á stöðu og þróun greinarinnar og verði traustur grundvöllur rannsókna, þróunarstarfs og fjárfestingar í ferðamennsku;
 - b. að safna upplýsingum um erlenda ferðamarkaði og safna gögnum um erlendar rannsóknir í ferðamálum;
 - c. að varðveita þessar upplýsingar og birta reglulega fréttir um stöðu greinarinnar.
2. Stofnuð verði staða rannsóknarfulltrúa við skrifstofu Ferðamálaráðs Íslands á Akureyri. Hlutverk hans verði að efla rannsóknir í ferðaþjónustu og skipuleggja samstarf Ferðamálaráðs við fyrirtæki og rannsóknastofnanir á sviði rannsókna og þróunarstarfs.

Samþykkt á Alþingi 4. júní 1996.

